

### 3. bekkur

#### Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

Kennarar: Erla María og Ingunn Rós

Fjöldi nemenda: 32

Tímafjöldi: 1

#### Menntagildi námsgreinar:

Í upplýsinga- og tæknimennt felst miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla er megin tilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Hver nemandi þarf markvissa þjálfun í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Í Heiðarskóla er upplýsinga- og tæknimennt alla jafna kennd í gegnum aðrar námsgreinar og má því sjá þau viðfangsefni og markmið þeirra í bekkjarnámskrám annarra greina.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. (lotum í Mentor) er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Vinnulag og viðbrögð	<p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,</li><li>nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag,</li><li>sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn,</li><li>gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,</li><li>beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum,</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Vinna í töluveri í einstaklings- og hópavinnu.</li><li>Ýmsir vefir eða forrit eru notuð til að efla skilning nemenda á námefninu.</li></ul>

<b>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,</li> <li>nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,</li> <li>unnið með heimildir,</li> <li>nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna í tölvum og spjaldtölvum í einstaklings og hópavinnu.</li> </ul>
<b>Tækni og búnaður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni,</li> <li>notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna í tölvum og spjaldtölvum í einstaklings og hópavinnu.</li> </ul>
<b>Sköpun og miðlun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna í tölvum og spjaldtölvum í einstaklings og hópavinnu.</li> </ul>
<b>Siðferði og öryggismál</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna í tölvum og spjaldtölvum í einstaklings og hópavinnu.</li> </ul>

**Námsmat:**

Hæfni í upplýsinga- og tæknimennt er metin í öðrum námsgreinum.

**Kennslugögn:**

Eftirfarandi námsvefir:

Klukkan, Plúsdæmi fyrir 1. - 4. bekki, Plús, mínus og margföldun, Þrír í röð – margföldun, Skiptu jafnt – deiling, Mínusdæmi fyrir 1. - 4. bekki, Teningar, Fingrafimi, Stærðfræðipöddur, Þríhyrningar og Ferhyrningar. Eldgrímur, Að skrifa rétt, Ritum rétt, Orðagull, , Orðakistur Krillu og Orðaleikir. Gullkistan, Umferðavefurinn, Lífsferlar, Íslensku húsdýrin, Fuglavefur, Skógrækt og Íslenski plöntuvefurinn, [www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is)